



***Alþingi***  
***Erindi nr. P 141/1388***  
***komudagur 7.2.2013***

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Kópavogi, 6. febrúar 2013  
1301320/001.01 SHJ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. mál**

Nefndarsvið Alþingis óskar eftir umsögn bæjarins, samanber bréf dags. 17. janúar 2013, varðandi frumvarp til laga um náttúruvernd sem ætlað er að leysa af hólmi lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Sviðsstjóri umhverfissviðs vísaði áður í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi drög að lögum um náttúruvernd og var málinu vísað áfram á grundvelli þeirrar umsagnar. Jafnframt vill umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs gera eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp.

**Umsögn umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs vegna frumvarps til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. mál**

**22.gr. Heimild til að tjalda**

Gerð er athugasemd við það að ákveðin tegund tjalda sé tilgreind, viðlegutjald. Auk þess er gerð athugasemd við það að íbúum í þéttbýli sé ekki heimilt að tjalda tjaldvagni eða fellihýsi á öðrum stað en á skipulögðu tjaldstæði, svo framarlega sem samþykki landeigenda liggja fyrir ef það á við.

**32.gr. Kortagrunnur um vegi og vegslóða**

Vísað er í athugasemdir varðandi samráð við sveitarstjórnir. Ákvarðanir um hvaða leiðir er heimilt að fara og bann við umferð er skipulagsmál og því er mikilvægt að vafamál sem kunna að koma upp við gerð kortagrunns séu borin undir viðkomandi sveitarfélag. Auk þess ættu sveitarfélögin að koma að starfshópi um greiningu vegslóða á láglandi innan þeirra lögsögu.

**34.gr. – Endurskoðun náttúruminjaskrár**

Nauðsynlegt er að höfð sé hliðsjón af aðalskipulagi sveitarfélaga í endurskoðun náttúruminjaskrár um umfang og staðsetningu, ekki að eingöngu sé leitað eftir ábendingum frá sveitarstjórnnum. Með því næst samræmi í opinberum áætlunum.

**36.gr. Kynning og málsmeðferð**

Mikilvægt er að samstarf milli stofnana ríkisins, sveitarfélaga og landeigenda



sé gott. Samráð þarf að eiga sér stað áður en framkvæmdaáætlun er auglýst til almennrar umsagnar sbr. 36. gr. Í upphafi þarf að vera ljóst hvort að sveitarstjórn sé hlynnt eða andvíg tillögu hvort að ákveðið svæði fari á náttúruminjaskrá eða friðlýst.


72.gr. – Auglýsingar utan þéttbýlis

Vert er að vekja athygli á því að skýrara mætti koma fram, að viðkomandi sveitarfélag og landeigandi veita leyfi fyrir auglýsingu áður en þeim er komið fyrir og Vegagerðin þar sem það á við.

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 4.febrúar 2013, var ofangreind umsögn umhverfissviðs lögð fram og samþykkt.

Á fundi bæjarráðs, dags. 7. febrúar 2013, var umsögn umhverfis- og samgöngunefndar lögð fram og afgreidd án athugasemda.

Virðingarfyllst, fyrir hönd umhverfis- og samgöngunefndar

  
Sólveig H. Jóhannsdóttir  
Umhverfisfulltrúi